



6. Maí 2024

Efni: Athugasemdir til atvinnuveganefndar vegna lagareldis 2024

Umsagnaraðili er landeigandi á Vestfjörðum og hefur frá 2021 öðlast mikla yfirsýn yfir starfsemi sjókvíaeldisfyrirtækja og stjórnslu tengdum þeim. Við rannsókn á málaflokknum hafa komið fram ótrúleg dæmi vanhæfi, aðgerða- og getuleysi stjórnslunnar til að bregðast við starfsemi sjókvíaeldisfyrirtækja. Útgáfa rekstrarleyfa og ákvarðanir stofnana geta auðveldlega talist vafasamar. Sama segja um aðferðir fyrirtækjanna við vinnslu á umsóknum og virðingu fyrir regluverkinu.

Í þessu skjali eru upptalin nokkur einföld atriði sem gætu talist grunn forsenda til að finna sátt um ný lög um sjókvíaeldi. Undirritaður hefur gögn til þess að rökstyðja allt það sem hér kemur fram.

Áhrif á önnur svæði og starfsemi:

Stór hluti þeirra landsvæða sem verða fyrir mestum áhrifum af sjókvíaeldi eru ekki í ríkiseign eða eign sveitarfélaga. Landeigendur hafa lítið sem ekkert um ákvarðanir tengdum sjókvíaeldi haft að segja þrátt fyrir að vera útsettir fyrir hávaða, sjónmengun, úrgangi og jafnvel eitrunum frá eldissvæðunum. Í sumum tilvikum standa sjávarfallastráumar beint frá eldissvæðum inn á eignarlönd, sem jafnvel heyra undir alþjóðlegar verndanir.

Lög um lagareldi verða á skýran hátt að taka tillit til útsettra svæða og eignarrétt landeigenda. Ójafn leikur er að stilla einstaklingum í brothættum byggðum gegn gríðarstórum fyrirtækjum og lögfræðistofum þeirra. Er landeigendum gert að kæra ákvarðanir til opinberra stofnana í stað þess að hafa atkvæðisrétt þegar kemur að úthlutun svæða.

Opinberar stofnanir hafa orðið uppvísa að því að taka ekki nokkurt tillit til útsetningu landeigenda í ákvörðunum sínum og útgáfu rekstrarleyfa. Skýr lögprot stofnana má finna í þeim tilvikum. Þessi tilvik eru m.a. skráð í opinberum gögnum.

Taki löggjöf ekki tillit til þeirra sem útsettir eru fyrir eitrunum og áhrifum framkvæmdaaðila mun það einungis vera ávísun á endurteknar lögsóknir og einkamál á hendur stjórnslu og framkvæmdaaðilum. Löggjafinn ber að gera sér grein fyrir mannréttindum og eignarétti landeigenda. Sé þetta atriði ekki unnið með fullri meðvitund, getur það skapað Íslenska ríkinu skaðabótaskyldu.

Sé minnsti grunur að mengun frá sjókvíaeldi geti borist inn fyrir netlög jarða, skal landeigandi í öllum tilvikum hafa skýran rétt til að hafna viðkomandi eldissvæði og á ekki að þurfa að bera af því kostnað. Sönnunarbyrðin á að vera á framkvæmdaaðila en ekki á þeim sem fyrir eru.

Hlutleysi eftirlits:

Hlutleysi rannsókna og eftirlits á að vera óumdeilt í tilfelli sjókvíaeldis. Að fyrirtækin ráði til sín einkafyrirtæki til þess að taka sýni, sinna rannsóknum og úttekt á svæðum - getur engan veginn talist hlutlaust.

Eðlilegast væri að rekstraraðilar greiddu kostnað við mælingar og eftirlits til ríkissjóðs, sem myndi síðan úthluta því til viðeigandi eftirlitsstofnana.

Það segir sig sjálf að eftirlits fyrirtæki í einkaeigu hafa fjárhagslegan hag af því að vera í sátt við viðskiptavini sína - og geta þarfléiðandi verið óeðlilegir fjárhagslegir hvatar í því samstarfi. Ekki er að sjá að þessi fyrirtæki hafi verið krafín um upplýsingar er varða eignarhald og hagsmunatengsl. Ekki getur talist eðlilegt að einkafyrirtæki þessi hafi nokkursskonar einkarétt fram yfir opinberar stofnanir að taka sýni á vissum svæðum.

Hlutleysi eftirlits er ein grunn forsenda þess að skapa sátt um sjókvíaeldi á Íslandi. Skyldi það teljast mikill hagur fyrir sjókvíaeldisfyrirtækin að trúverðugleiki rannsókna væri ekki dreginn í efa.

Eldissvæði / Helgunarsvæði:

Í leyfisveitingum og strandsvæðaskipulagi hefur eldisfyrirtækjum verið úthlutað mun stærra svæði en nauðsynlegt er til starfseminnar. Má sérstaklega nefna svæði Artic sea farm í sunnanverðum Patreksfirði þar sem strandsvæðaskipulag gerir ráð fyrir 3 - 4x stærra svæði en fyrirtækið nýtir sem eldissvæði. Tekið er fram að fyrirtækið geti ekki nýtti svæði á milli kvíastæða vegna grynningar í botni. Upphaflega sótti fyrirtækið um nýtt svæði, en þar sem lög um sjókvíaeldi gerðu kröfu á að ráðherra úthlutaði nýja svæðinu, var umsóknin dregin til baka og þess í stað sótt um stækkun á eldissvæði kennt við Kvígindisdal. Er nefndarmönnum sérstaklega benti á að skoða nákvæmlega þetta atriði, og um leið mikilvægi þess að setja skýr lög sem útiloka slíkar leikfléttur.

Engin ástæða er fyrir því að rekstraraðilar fái úthlutað meira svæði en því sem nauðsynlegt er til starfseminnar. Eins og sjókvíaeldi er skýrt dæmi um, þá er mikil þróun á möguleikum þess að nýta strandsvæði og firði til matvælaframleiðslu. Má nefna m.a. ræktun á skelfisk og sjávargróðri til manneldis. Að helga sjókvíaeldi mun stærra svæði en því sem nauðsynlega þarf fyrir starfsemina er með öllu tilefnislaust og er afhending á náttúruauðlind sem getur nýst annarri starfsemi í nútíð og framtíð.

Þessi þáttur þarf að vera skýr, afdráttarlaus og afturvirkur á þau svæði sem fyrir eru.

Eitranir

Þar sem sjókvíaeldi á sér í raun enga hliðstæðu er varðar eiturnotkun og losun á plasti út í umhverfið er mikilvægt að lagarammi taki sérstaklega á þeim þætti starfseminnar. Skýrar reglur þurfa að vera til staðar með afgerandi afleiðingum fyrir framkvæmdaðila sé ekki staðið rétt að málum.

Sjókvíaeldisfyrirtæki þurfa ekki, og ættu einfaldlega ekki að nota eitur í starfsemi sinni. Sé þessi starfsemi umhverfisvæn skal hún finna leiðir til að vera það. Hafa starfsemina í samræmi við umhverfið og innan vistkerfi þess en ekki ryðja því í burtu og drepa til framtíðar. Rösk fyrir notkun á eiturefnum virðist aðallega snúa að því að spara fyrirtækjunum kostnað og gera þeim kleift að ýta magni eldisins eins langt út að þolmörkum og mögulegt er.

Plastmengun:

Eins og einfaldar mælingar hafa sýnt, þá berst gríðar mikið magn af plastögnum og örplasti frá m.a. fóðrunarbúnaði eldisfyrirtækjanna. Fóðri er dælt af miklum krafti í gegnum löng plaströr sem í leiðinni tæstast upp að innan, og berast plastagnir stjórnlaust út í umhverfið. Þennan úrgang er ómögulegt að rekja og / eða hreinsa upp. Plastagnir berast yfir allt vistkerfið með sjávarstraumum og eru áhrifin sannarlega óafturkræf.

Löggjafinn og stjórnvísland verður einfaldlega að gæta jafnræðis þegar kemur að kröfum á lagareldi m.v. aðra starfsemi og einstaklinga hvað þetta varðar. Einnig þarf að standast alþjóðleg viðmið og kröfur er varðar losun plasti út í lífríkið og sérstaklega örplasti. Að meina fyrirtækjunum með öllu að nota plaströr við dreifingu á fóðri er fullkomlega eðlileg krafa- og ætti að vera forsenda fyrir leyfisveitingum. Það er ábyrgð fyrirtækjanna að finna viðeigandi lausn til að geta staðist þessar kröfur. Það er fyrirséð að ekki mun verða friður um lög sem taka þennan þátt ekki sérstaklega föstum tökum.

Eitraðar ásætuvarnir / Koparoxíð:

Alvarleiki notkunar á koparoxíð hefur engan veginn fengið nógu mikið vægi í málaflokknum. Notkun á koparoxíð ásætuvörnum er gagnrýnd harðlega þar sem koparinn hleðst upp í umhverfinu og er banvænn lífríkinu til framtíðar. Nefna má neikvæð álit sérfræðings Hafro þessu tengdu. Notkun á koparoxíð er gott dæmi um hvernig fyrirtækin eru farið að ryðja í burtu öðrum lífandi verum fyrir eigin starfsemi og hafa fyrirtækin reynt að rökstyðja koparoxíðnotkun á þeim forsendum að starfsemin mengi svo mikið án þeirra - og þess vegna séu efnin umhverfisvæn.

Hér þarf að skoða hvort starfsemin sé ekki nú þegar orðin of stór fyrir vistkerfið ef hún getur ekki þrífist innan þess án þess að eitra í burtu þær náttúrulegu lífverur sem eiga þar heimkynni og eru mikilvægur hluti af fæðukerfum svæðanna. Eðlilegt er að krefja fyrirtækin að hætta algjörlega notkun á koparlítuðum ásætuvörnum og nýta þess í stað ásætuvarnir sem nota ekki þetta eitruða efni. Séu þær ásætuvarnir ekki jafn áhrifaríkar þá geta fyrirtækin farið millileið og dregið úr eldismagni til að ná jafnvægi með náttúrunni.

Virkilega ámælisvert er að viss sjókvíaldisfyrirtæki hafa verið staðin að því að nota þessi eitruð efni í fullkomnu leyfisleysi án nokkurra afleiðinga.

Lúsæitur

Þær eitranir sem notaðar eru gegn laxalús eru líka eitruðar öðrum náttúrulegum lífverum fjarðanna. Aðrar leiðir eru til að stemma stigum við laxalús en eitranir, og er þær eitthvað sem sannarlega er ástæða til að skilyrða fyrirtækin til að nota í stað þess að dreifa banvænum efnum út í vistkerfin.

Bændur verða fyrir miklum afföllum á hverju ári vegna ágangs gæsa og álfta á lönd sín. Það myndi koma sér mjög vel fyrir þá rekstraraðila að eitra einfaldlega fyrir gæsum og álftum. En þar sem slíkar eitranir yrðu aldrei samþykktar af nútíma samfélagi þá verða þessir rekstraraðilar að taka því tapi sem þeir verða af vegna ágangi fuglanna og aðlaga rekstur sinn að því. Það væri í raun mikil búbót fyrir fjölmargar starfsgreinar að eitra einfaldlega í burtu alla náttúrulega truflun og fyrirstöðu.

Sama ætti að gilda um sjókvíaldi ! Og ber löggjafanum að gæta jafnræðis og sanngirni við lagasetningar.

Undirritaður óskar eftir því að koma fyrir nefndina og grein fyrir ofangreindum atriðum.

Virðingarfyllt

Marino Thorlacius